

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 733/2013.

1. gr.

1. tl. C-liðar 1. mgr. 55. gr. fellur niður og breytast aðrir töluliðir í samræmi við það.

2. gr.

Í 3. tl. C-liðar 1. mgr. 55. gr. sem verður 2. tl. falla brott orðin:
„og jafnréttisnefnd“ og „og lögum nr. 10/2008.“

3. gr.

4. tl. C-liðar 1. mgr. 55. gr. sem verður 3. tl. breytist og verður svohljóðandi:
Mannréttinda- og forvarnanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar um erindisbréf fyrir nefndina samþykktri 4. september 2014.

4. gr.

Nýr töluliður, sem verður 13. tl., bætist við C-lið 1. mgr. 55. gr. svohljóðandi:
Stjórn Hönnunarsafns Íslands. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands sem samþykkt var í bæjarstjórn Garðabæjar 7. nóvember 2013 og staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra 5. febrúar 2014.

5. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 20. nóvember 2014.

F. h. innanríkisráðherra,

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.